

FUNDARGERÐ

117. stjórnarfundur KRAFT

117. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Messenger video chat)
6. október kl.18.00.

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Þórunn og Laufey.

Inga María , Aron Ingi og Lára (starfsmaður KRAFT) komust ekki á fundinn.

Muggur forfallaður.

Aron Friðrik formaður Lyftingadeildar Stjórnunnar (fundarliður 2 og 3).

Fundarritari : Laufey.

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í BEKKPRESSU OG KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

Umræða um bekkpressumótin. Farið var yfir kosti og galla. Vegna breyttra reglna um samkomubann sem m.a. felur í sér lokun á æfingaastöðum kraftlyftingaiðkenda ákváð stjórn KRAFT og mótahaldari að hætta við bæði mótin. Gry mun setja inn tilkynningu á heimasíðu KRAFT.

3. LANDSLIÐSLÁGMÖRK

Landsliðslágmörk hafa verið uppfærð og auglýst á heimasíðu KRAFT. Stjórn KRAFT þakkar Aroni Friðriki kærlega fyrir vinnuna við að finna út ný lágmörk.

4. BIKARMÓT Í KRAFTLYFINGUM OG KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Bikarmótin verða 21. nóvember og vonandi verður engin breyting á því. Vegna aðstæðna ákváðu fundarmenn að staðan verður aftur metin eftir 2-3 vikur, þ.e. fyrr en seinna.

5. MÓTASKRÁ 2021

Einar Örn formaður mótanefndar sendi KRAFT tillögu að mótaskrá fyrir árið 2021 :

- Byrjendamótið - 6. febrúar
- ÍM klassík og búnaði - 27. mars
- ÍM í klassískri og búnaðarbekkkpressu - 24. apríl
- ÍM í réttstöðulyftu - 5. júní
- Bikarmót í klassískri og búnaðarbekkkpressu - 28. ágúst
- Bikarmót í klassík og búnaði - 20. nóvember

Almenn ánægja er með mótaskrána nema umræða varð um hvort ÍM unglínga- og öldunga í klassískum kraftlyftingum ætti að vera sér eða vera með opnum flokki (27. mars). Á þessu ári kepptu allir flokkar á sama mótinu. Fundarmenn höfðu áhyggjur af því að fjölga um eitt mót þegar nú er erfitt að fá mótshaldara. Eftir þó nokkra umræðu var ákveðið að halda ÍM unglínga- og öldunga sömu helgi og ÍM í klassík og búnaði í opnum flokki en á sitthvorum deginum. Það hafa verið mjög fáir unglíngar og öldungar sem hafa keppt í búnaði og var ákveðið að þeir myndu keppa þ. 27. mars.

Ný mótaskrá fyrir árið 2021 :

- Byrjendamótið - 6. febrúar
- ÍM klassík og búnaði / ÍM unglínga og öldunga í búnaði — 27. mars

- ÍM unglínga- og öldunga í klassík - 28. mars
- ÍM í klassískri og búnaðarbekkpressu - 24. apríl
- ÍM í réttstöðulyftu - 5. júní
- Bikarmót í klassískri og búnaðarbekkpressu - 28. ágúst
- Bikarmót í klassík og búnaði - 20. nóvember

6. AFREKSMÁL - ASJ

Gera þarf umsókn fyrir 2021, Aron Ingi og Auðunn munu gera drög. Gry er með punkta frá Guðbrandi. Gry ætlar að heyra í Ásu Ólafsdóttur hljóðið um reglur sjóðsins og hvort KRAFT getur gert athugasemdir. Gry, Auðunn og Þórunn munu funda 7. október kl. 19.30. Gry sendir gögn á þau.

7. SÓTTVARNARREGLUR

Sóttvarnarreglur verða uppfærðar skv. síðustu breytingum frá ÍSÍ, reglurnar eru „lifandi skjal“.

8. FORMANNAFUNDUR

Búið er að boða til formannafundar 17. október, hann verður fjarfundur.

Fundarefni :

- Hver er staðan hjá félögunum.
- Mótaskrá 2021.
- Hvetja félagi til að taka að sér mótahald og samvinnu í kringum mótahald.
- Segja frá þjónustu fagteymis KRAFT.

9. AÐSTÖÐUMÁL

Búið er að gera greinargerð um kostnað við byggingu þjóðarleikvangs, ólíka kosti. Við vinnuna var forðum leitað til KRAFT til að fá upplýsingar um þörf félagsins. Laufey ætlar að kanna hvort hægt sé að nálgast gögn og finna út hvar málið er statt.

10. FAGTEYMI

Búið er að skrifa undir samstarfssamning við Erlend Egilsson íþróttasálfræðing og Geir Gunnar Markússon næringarfræðing. Allir félagar í Kraftlyftingasambandinu geta leitað til fagteymisins en Auðunn er milliliður.

11. LANDSLIÐSHELGI Í BORGARNESI

Auðunn og Lára eru að skipuleggja landsliðshelgi í Borgarnesi 6.-8. nóvember 2020. Auðunn hefur verið í sambandi við 12 manna úrvalshóp sem samanstendur af keppendum sem hafa náð landsliðslágmörkum og/eða verið á stórmótum erlendis. Einn er forfallaður en hinir 11 munu taka þátt. Búið er að bóka æfingaaðstöðu. Ekki hefur verið pöntuð hótalgisting. Auðunn upplýsti fundarmenn um verð sem hann fékk frá B59 hóteli í Borgarnesi. Fundarmenn voru sammála um taka tilboðinu og panta sem fyrst, þrátt fyrir núverandi ástand. Ákveðið að þáttakendur þurfi ekki að deila hótélherbergjum. Auðunn hefur verið í sambandi við fagteymið og mun það vera á staðnum eða vera í fjarfundarbúnaði. Auðunn og Lára setja upp dagskrá. Gert er ráð fyrir sameiginlegri laugardagsæfingu og erindum frá aðilum í fagteymi KRAFT. Skoða að fá fyrirlesara að utan að halda fyrirlestur í fjarfundarbúnaði. Plan B ef landsliðshelgi fellur niður er að halda fyrirlestra á fjarfundarbúnaði.

12. HEIMASÍÐA KRAFT


Hjalti Unnar Ágústsson hefur unnið að því að uppfæra og bæta síðuna. Fundarmönnum hafði fyrir stjórnarfund verið send tillaga að nýju útliti þar sem breidd síðunnar nýtist betur. Samþykkt að setja í loftið, rýna og laga ef þörf.

13. ÖNNUR MÁL

Auðunn sagði frá umfjöllun mbl.is vegna Íslandsmeistaramóts í Jakabóli. Eins og oft áður gerir fjölmiðill ekki greinarmun á milli móts haldið undir merkjum KRAFT (og þ.a.l. ÍSÍ) eða ekki. Auk þess er gagnrýnisvert að fyrisögnin er lítilslækkandi fyrir viðmælanda og íþróttina sem viðkomandi stundar. Umræða var um hvort ekki er hægt að gera skýrari á heimasíðu KRAFT tengingu við ÍSÍ. Lagt til að bæta við undir „KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS“ „Sérsamband innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands“. Núverandi heimasíða er með logo af samböndum sem KRAFT er félagi í til hliðar, skoða hvort hægt er að setja a.m.k. merki ÍSÍ undir merki KRAFT. Gry kannar hvort ÍSÍ er sátt við notkun á merkinu þeirra og hefur samband við Hjalta Unnar.

Rætt um hvornig væri hægt að gera KRAFT sýnilegri í ljósi vanþekkingar fjölmiðla á sérstöðu KRAFT innan kraftlyftingaíþróttarinnar, sbr. áður nefnt viðtal mbl.is og viðmælendur í þættinum Þungarokkar og þungar lyftur á RúvNúll. T.d. mætti senda Landann til Kristínar dýralæknis, sem átti frábæran dag með mögnuðum bætingum á síðasta ÍM í klassískum kraftlyftingum.

Einnig var umræða hvort KRAFT ætti að fá sér mottó sbr. Norges Styrkeløftforbund : „Vi løfter sammen og skaper rene vinnere“. Þegar Norges Styrkeløftforbund er „gúgglað“ kemur mottóið m.a.s. fram í „heiti heimasíðunnar“ :



Google search results for "norges styrkeløftforbund". The search bar shows the query and a magnifying glass icon. Below the search bar are navigation options: All, Images, News, Maps, Videos, More, Settings, and Tools. The results section shows "About 29,600 results (0.60 seconds)". The first result is from styrkeloft.no, titled "Norges Styrkeløftforbund | Vi løfter sammen og skaper rene ...". Below the title is a snippet: "Ønsker du å bli medlem i Norges Styrkeløftforbund? Vi tar i mot nye medlemmer og vil gjerne ha med deg i en av våre klubber! Vil du ha mer informasjon, ta ...". There are six more results listed in a grid:

- Stevner**: Gamle Jättåvågen 7, 4020 Stavanger. Postadresse ...
- Resultatservice**: Dato, Stevne, Påmeldte, Påmeldingsfrist. 17.10.2020 ...
- Norgesrekorder**: Norgesrekorder satt i 2020. Dato, Klasse, Kategori, Navn, Klubb ...
- Terminliste**: Terminliste - 2020. Stevner merket med * er oppdatert siste uke ...
- Treningsprogram**: Her ligger eldre treningsprogram utarbeidet av Dietmar Wolf ...
- Kvalifiseringskrav NM**: Kvalifiseringskrav NM i styrkeløft og benkpress ...

More results from styrkeloft.no »

14. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

15. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.19.40.